

Selfossi, 15. mars 2019
1609215 Bg

Fundargerð

Fundur um breytingar á auglýstri deiliskipulagstillögu Björkurstykkis Mætt: Hermann Ólafsson skipulagshöfundur, Sigurður Sigurjónsson bæjarlögmaður, Steinunn Kolbeinsdóttir lögmaður, Auður Guðmundsdóttir og Bárður Guðmundsson.

- Hermann kynnti breytingar á auglýstu deiliskipulagi , sem tóku til athugasemda vegagerðarinnar, niðurstöðum mælinga um hljóðvist breytt stærðar fyrirhugaðs grunnskóla.
- Tengingum við Eyraveg var fækkað, grænasvæði við Suðurhóla var breikkað vegna hljóðvistar, tengingum við Suðurhóla var breytt, gert er ráð fyrir hringtorgi við Norðurhóla/Suðurhóla og tenging á móts við Dranghóla aflögð.
- Gert er ráð fyrir þremur lóðum undir spennustöðvar.
- Rætt var um lagnaleiðir framhjá hverfinu.
- Gert er ráð fyrir einni lóð undir grunnskóla og leikskóla þ.e skólarnir verða innan sömu lóðar.
- Setja þarf kvöð um lagnaleiðir framhjá spennistöð sem gert er ráð fyrir að verði staðsett SV skipulagssvæðisins.
- Skipulagsmörk voru skoðuð og ákveðið að aðlaga þau gildandi deiliskipulagstillögum sem koma að deiliskipulagstillögu Björkurstykkis.
- Rætt var um þann möguleika að tengja nyrstu götu hverfisins sem er samsíða Eyravegi við Suðurhóla.
- Rætt var um það hvort þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillögu deiliskipulagsins kölluðu á það að auglýsa þyrfti aftur deiliskipulagsuppráttinn. Niðurstaðan var sú að leggja breytingarnar aftur fyrir skipulags- og byggingarnefnd.
- Ákveðið var að taka saman öll gögn svo hægt sé að afgreiða tillöguna á næsta fundi skipulags- og byggingarnefndar 20.mars n.k.

Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingafulltrúi